

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um útvarp skv. tímabundnum leyfum
nr. 511/1986 sbr. reglugerð nr. 607/1987.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Öll leyfi til útvarps sem veitt eru fyrir árslok 1989 eða endurnýjuð fyrir þann tíma skulu renna út 31. desember 1989.

Sá sem hefur leyfi til útvarps á þessu tímabili skal greiða hlutfallslegt leyfisgjald sem skal miðast við gildistíma leyfisins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. desember 1988.

Svavar Gestsson.

Pórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir
Íslenskrar Getspár nr. 410/1988.

1. gr.

1. mgr. 12. liðar 2. gr. orðist svo: Útdráttur vinninga fer fram opinberlega á laugardegi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar Getspár að viðstöddum fulltrúa hennar og undir eftirliti fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Beri laugardag upp á hátíðisdag er heimilt að framkvæma útdrátt næsta virka dag á undan.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26/1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1988.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.